
arsalarins að Klapparstíg 16, sem þeir ráku um skeið í samvinnu við félaga sinn, Eystein Jónsson. Kristján og Eysteinn voru að vísu einir skráðir fyrir salnum en Sigurður var þar jafnan viðloðandi. Hinir ungu og hressu menn vildu brydda upp á ýmsu nýju og fengu mig til að sýna þar fyrstan manna vorið 1964, en þá var ég einmitt að stokka upp spilin í minni list og sýndi þar ýmsa nýja og skrítna hluti, að því er mörgum fannst. Og auðvitað var ég skammaður af Valtý Péturssyni, sem þá var eini gagnrýnandinn og sá Pop í nýjustu myndunum, sem þá var eitur í hans beinum, en mér þóttu þetta ósköp eðlileg viðbrögð. Um þetta er þagað eins og mannsmorð sem og um ýmsar aðrar hræringar sem upp spruttu á þessum árum. Haustið 1967 skrifaði ég svo grein í SAM-vinnuna, þar sem ég gerði upp við tímana og einokunarástandið í félagsmálum myndlistarmanna og birtist hún í fyrsta hefti 1968. Afleiðingarnar létu og ekki á sér standa, því að um haustið átti sér og einmitt stað gagnger uppstokkun í sýningarnefnd FÍM á aðalfundi félagsins og skipti þá engum togum, að mikil uppsveifla átti sér stað um Haustsýningar félagsins, sem stóð fram til 1975. Á þeim tíma voru haldnar margar stórar og athyglisverðar sýningar, m.a. tvær þær stærstu í allri sögu Haustsýninganna og margt nýtt kom fram. Um þetta er algjörlega þagað í hinni veglegu sýningarskrá. Á sögulegum fundi í FÍM haustið 1968 eða 1969, sem var sá fjölmennasti í sögu þess, lagði ég og til ásamt Ragnari Kjartanssyni myndhöggvara, að Diter Rot fengi inngöngu, ef ekki sem fullgildur meðlimur, þá sem gestameðlimur. Að það var fellt hafði afdrifaríkar afleiðingar en hitt minni, að við vildum fara að lögum um almenna inngöngu í félagið. Hér þurfti lagabreytingar til ef listhópi yrði sporðrennt í einu lagi og það kom einfaldlega ekki til greina. Þá er og tómt mál að tala um frjálslyndi félagsmanna, sem voru margir þrælpólitískir svo sem fram kom í ýmsum athöfnum þeirra, en um það skal ekki fjallað hér.

Meinbugurinn við sýninguna er, að þrátt fyrir drjúgan undirbúningstíma hefur ekki tekist að setja upp áhrifamikla sýningu, sem líkleg var til að vinna sig upp, — þvert á móti var aðstreymið mest fyrstu sýningarhelgina, en svo ekki söguna meir. Kannski ætluðu menn sér of skamman tíma til að koma henni fyrir



Nokkrir af sýnendunum 15, fyrir framan „Hjarta" Jóns Gunnars Árnasonar, frá vinstri Hreinn Friðfinnsson, Kristján Guðmundsson, Sigurður Guðmundsson, Ólafur Gíslason og Gylfi Gíslason.

og hefði vikutími í viðbót getað skipt sköpum. Þetta veit ég af eigin reynslu, er ég tók allt húsið undir tímamótasýningu haustið 1980. Hún var eiginlega ekki komin upp fyrr en vika var af sýningartímanum, en hafði þá tekið miklum stakkaskiptum. En meginókosturinn er svo sem fyrr er vikið að, tel ég, hve menn eru uppteknir af sjálfum sér og horfa gjörsamlega fram hjá flestu öðru, sem var að ske í næsta nágrenni líkast því, sem að „Palli hafi verið einn í heiminum.

Staðreyndin var sú að samtímis fór fram mikil uppstokkun í hlutunum hjá öðrum listamönnum, og það er í raun gróf lágkúra og sögufölsun að vera að tala um stöðnun hjá öllum öðrum. Jafnvel hinir svokölluðu abstraktmálarar og strangflatamenn voru í fullu fjöri og í stöðugri gerjun. Og hér má koma fram, að erlendis hafa þeir löngu verið endurreistir og vegur margra þeirra meiri en nokkru sinni fyrr.

En misskilningurinn felst þó helst í því, að nýjungar eiga að koma innan frá og að enginn verður núlistamaður með því einu að taka upp niðurstöður útlendra — hér þarf miklu meira til. Menn geta verið núlistamenn, þótt þeir glími við sama myndstefið allt sitt líf, hér skiptir mestu máli að vera jafnan ferskur í sjálfri myndsköpuninni. Hitt er að eltast við nýju fötin keisarans.

Og list helgast ekki endilega af hópefli og skal hér vísað til þess, sem Henri Miller, sagði árið 1957, þegar goðsögnin um hann var í hámarki: „Listin þrífst aldrei í nýlendum (kolonier). Það sem hinn skapandi listamaður þarfnast, eru þau forréttindi að geta glímt við vandamál sín í einrúmi — og af og til safarík kjötsneið."

— Þar sem ég hef á hinum ýmsu tímum fjallað um flest, sem til sýnis er á sýningunni að Kjarvalsstöðum og hef ekki komist að annarri niðurstöðu, og tel ei heldur ástæðu til að draga í land, þar sem ég álít niðurstöðu mínar til lofs og lasts í samræmi við listræna sannfæringu mína — endurtek ég það ekki hér. Útúrsnúningar á skrifum mínum, svo sem fram kemur í sýningarskrá, hafa engin áhrif á mig, frekar en annað, sem beinist að því að skapa ímynd píslarvotta úr meðlimum SÚM-hópsins, sem þó er hálfur sannleikur. Þá er ei heldur til gildisauka né uppsláttar að birta svo rækilega útdrátt úr deilum Kjartans Guðjónssonar og dæma hann svartasta afturhald, sömu útreið fær og Valtýr Pétursson. Kjartan var nefnilega einmitt fyrstur til að gera upp við strangflatalistina með skeleggri grein í Þjóðviljanum á sínum tíma með þeim árangri m.a. að sumir fyrri félagar hans í listinni heilsuðu honum ekki á götu næstu árin að sögn! Hann var þannig einn þeirra sem ruddu brautina og skópu jarðveginn fyrir þá róttæku uppstokkun, sem seinna átti sér stað. Hér þurfti mikið hugrekki til, jafn mikla einstrengi og og ofstæki og tímarnir buðu upp á. Og í stað þess að minnast þessa Kjartani til vegauka, er dregin upp röng mynd af honum fyrir eftirtímann. Og að sjálfsögðu er ekki leitað í hin lofsamlegri ummæli um einstakar sýningar enda minni akkur í slíku og ekki í samræmi við ímyndina. Annað mál er svo að ýmislegt er áhugavert á sýningunni, þó það nú væri, en ég tel svo sem fyrr er að vikið, að hægt hefði verið að gera framtakið mun kröftugra í uppsetningu.

Enginn tekur það þó frá súmmerum, né hugðist gera það, að framlag þeirra til íslenzkrar listasögu er sérstakt og ótvírætt.

Áskrift að amerísku tímariti gegn umhverfisvernd

ÍSLENSKIR kaupsýslumenn hafa undanfarið fengið upphringingar frá Danmörku, og þeim boðin áskrift að tímaritinu Executive Intelligence Review, sem gefið er út af samtökum Bandaríkjamannsins Lyndon LaRouche. Eru áskriftirnar boðnar á þeirri forsendu, að blaðið berjist gegn umhverfisverndarsamtökum, og Íslendingar hljóti að hafa sömu hagsmuna að gæta.

Áskriftirnar hafa verið boðnar af Schiller Instituttet í Danmörku, sem er deild í samtökum LaRouche. Ársáskrift á að kosta 5400 danskar krónur, eða tæpar 39 þúsund krónur, en blaðið kemur út vikulega.


Lyndon LaRouche hefur fengið dóma í Bandaríkjunum fyrir fjármálamisferli og skattsvik. Hann hefur m.a. haldið því fram, að breska krúnan stjórnaði eiturlyfjaiðnaðnum, að Alþjóða gjaldeyrissjóðurinn hefði valdið eyðnifaraldrinum, og að Henry Kissinger fyrrum utanríkisráðherra Bandaríkjanna væri sovéskur njósnari.

Lögmannafélag Íslands:

Gestur Jónsson formaður

Á AÐALFUNDI Lögmannafélags Íslands sem haldinn var 31. mars sl. var kjörinn formaður Gestur Jónsson hrl. Aðrir í stjórn eru Sveinn H. Valdimarsson hrl., Viðar Már Matthíasson hrl., Þórunn Guðmundsdóttir hrl. og Baldur Guðlaugsson hrl. Framkvæmdastjóri er Hafþór Ingi Jónsson hdl.

Félagsmenn eru nú alls 312. Þar af eru u.þ.b. 200, sem hafa lögmannsstörf að aðalstarfi. Af félagsmönnum eru 121 hæstaréttarlögmenn og 191 héraðsdómslögmenn. Heiðursfélagar eru hæstaréttarlögmennirnir Ágúst Fjeldsted og Egill Sigurgeirsson.



BYGGJUM VISTHEIMILI FYRIR FJÖLFATLAÐA! OG LÉTTUM ÞEIM LÍFIÐ

RAUÐA FJÖÐRIN

LANDSSÖFNUN LIONS 7.-9. APRÍL 1989

ARGUS/SÍA



FRÍ HÖNNUN · FRÍ HEIMSENDING · FRÍ UPPSETNING

Komum heim mælum og ráðleggjum í vali á innréttingum.

Komið í sýningarsali okkar að Síðumúla 32 og veljið útlit og liti, við sjáum um afganginn.

Opið á miðvikudögum og fimmtudögum til kl. 20:30.

Opið 9-18 alla virka daga.
Laugardaga 11-16. Sunnudaga 13-16.

Við erum við hliðina á Álnabæ í Síðumúla.

innréttingar 2000
VERKSTÆÐI OG SÝNINGARSALUR
Síðumúli 32 Sími: 680624.